

Fimmtudaginn 22. maí 1997.

Nr. 219/1997. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**

gegn

Óskari Þór Gunnlaugssyni

(Guðmundur Kristjánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. maí 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. maí 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 30. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Varnaraðili hefur viðurkennt að hafa í apríl sl. sent til landsins í pósti frá Hollandi tvö bréf, sem í voru samtals 400 skammtar af fíkniefninu LSD. Tollgæslan lagði 11. þess mánaðar hald á annað þessara bréfa, sem hafði að geyma 310 skammta. Varnaraðili segir, að í hinu bréfinu hafi verið 90 skammtar, og hefur hann viðurkennt að hafa átt þátt í að dreifa þeim hér á landi. Hefur varnaraðili borið, að sá háttur hafi verið hafður á við sendingu þessara bréfa, að þau hafi verið stíluð á nöfn, sem ekki voru til á heimilisföngum þeim, sem tilgreind voru. Hafi nafngreindur kunningi sinn átt að sækja bréfin þangað.

Sóknaraðili kveðst nú vera að rannsaka innflutning á 2998 skömmtum af LSD frá Belgíu, sem tollgæslan lagði hald á 2. maí sl. Sömu aðferð var beitt við innflutning þennan og fyrrgreindan innflutning frá Hollandi. Varnaraðili hefur neitað aðild að þessum innflutningi, en sóknaraðili kveður staðfest, að hann hafi verið staddur erlendis, þegar sú sending var póstlögð.

Pótt varnaraðili hafi, eins og áður greinir, viðurkennt hlut sinn að

innflutningi fíkniefna frá Hollandi, verður að fallast á með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds, enda er eftir að rannsaka frekar þann þátt málsins svo og hugsanleg tengsl varnaraðila við fyrrgreindan innflutning fíkniefna frá Belgíu. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. maí 1997.

Ár 1997, föstudaginn 16. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ragnheiði Bragadóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Óskari Þór Gunnlaugssyni, kt. 180676-3179, með lögheimili að Bankastræti 14, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 30. maí nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni.

Kærði hefur viðurkennt að hafa sent fíkniefnið LSD til landsins frá Amsterdam í Hollandi með pósti í tveimur bréfum. Kveðst hann hafa sent 310 skammta í öðru bréfinu og 90 skammta í hinu. Hefur kærði viðurkennt hér fyrir dómi, að sá, er taka átti við bréfunum, sé Sigurður Almar Ómarsson. Hinn 2. maí sl. fann tollgæslan bréf á póststofunni við Ármúla, sem innihélt 2998 skammta af fíkniefninu LSD. Bréfið var póstlagt í Belgíu. Voru þetta sex arkir með myndum af mörgæs, samtals 1440 miðar, og sex arkir með andlitsmyndum, samtals 1558 miðar. Sendingin var stíluð á Egil Jónsson, Krúhólum 4, en komið hefur í ljós, að enginn maður með þessu nafni býr í húsinu. Kærði hefur ekki viðurkennt að vera viðriðinn sendingu þessa. Við húsleit á dvalarstað kærða í gær fundust sjö skammtar af fíkniefninu LSD, og hefur kærði viðurkennt að vera eigandi þess. Var efnið í formi pappaferninga með mynd af mörgæs. Kveður lögreglan þessa sjö skammta sömu tegundar og hluta þeirra 2998 skammta af efninu, sem tollgæslan fann 2. maí sl. Kærði hefur viðurkennt að hafa selt hluta af þeim 90 skömmtum af LSD, sem hann sendi til landsins í apríl sl. Þá hafa fjölmargir aðilar haft samband við lögreglu og upplýst, að kærði stæði fyrir innflutningi og sölu á fíkniefninu LSD.

Með hliðsjón af framangreindu þykir kærði undir rökstuddum grun um að vera viðriðinn frekari innflutning á fíkniefninu LSD en hann hefur þegar viðurkennt. Verkaður þessi getur varðað kærða fangelsi.

Rannsókn málsins er á frumstigi. Eftir er að yfirheyra vitni og þá, sem

viðriðnir kunna að vera málið. Hætta þykir á, að kærði torveldi rannsókn málsins, svo sem með því að hafa áhrif á vitni og hugsanlega samseka, fari hann frjáls ferða sinna. Þegar framanritað er virt og með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, ber að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Óskar Þór Gunnlaugsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 30. maí 1997 kl. 16.00.
